

**Fyrirspurn** E 5/2023  
**Fyrirspyrjendur** Ola Elvestuen, Kjell-Arne Ottosson og Simon Holmström  
**Viðtakandi** Ríkisstjórnir Norðurlanda

## E 5/2023 Skrifleg fyrirspurn um grænar siglingaleiðir

### Til ríkisstjórna Norðurlanda

#### Bakgrunnsupplýsingar

Í maí 2023 komu norrænir ráðherrar umhverfis- og loftslagsmála saman til að ræða alþjóðlegt samstarf í loftslagsmálum. Fundurinn tengdist jafnframt ákvörðun ráðherranna eða yfirlýsingu frá því í Ósló í maí 2022 um að koma ætti upp leiðum fyrir losunarlausar siglingar á milli norrænna hafna. Á fundinum lögðu Norðmenn, sem fóru fyrir frekari vinnu varðandi grænar siglingaleiðir, fram vegvísi og forrannsókn sem sýnir tækifæri í tengslum við grænar siglingaleiðir á Norðurlöndum. Í tengslum við tilraunaverkefnið Nordic Roadmap: Future Fuels for Shipping var jafnframt haldin vinnustofa í Helsingfors í maí á þessu ári og niðurstöður rannsóknarinnar eru mjög góðar og skapa grundvöll fyrir aðgerðum og samstarfi. Til þessa hefur verkefnið greint sex sérlega hentugar grænar siglingaleiðir ásamt úrlausnarefnum fyrir hverja þeirra sem norræn stjórnvöld geta unnið áfram með.

Á COP26 í Glasgow skrifuðu öll norrænu löndin undir Clydebank-yfirlýsinguna og skuldbundu sig þar með m.a. til þess að búa til sex grænar siglingaleiðir á heimsvísu.

Tilraunaverkefnið varðandi minnkun á kolefnislosun gefur góð fyrirheit og við viljum vita meira um niðurstöður verkefnisins. Rétt eins og Espen Barth Eida, loftslags- og umhverfisráðherra Noregs, teljum við góðar forsendur fyrir losunarlausri skipaumferð á milli norrænu landanna og að við getum leyst umskipti yfir í losunarlausar siglingar í samvinnu við atvinnulífið. Norrænu löndin verða þó að vinna saman, ekki síst í ljósi þess að saman erum við stórveldi á heimsvísu þegar kemur að siglingum.

#### Í ljósi þessa eru eftirfarandi fyrirspurnir lagðar fram:

Hvenær mega Norðurlönd búa við því að grænar siglingaleiðir verði teknar upp og hvað mun felast í því?

Með hvaða hætti stuðlar norrænt samstarf að því efla þróun endurnýjanlegra orkugjafa og innviða fyrir umskipti í siglingum?



Hvaða pólitísku stjórnþæki þurfa Norðurlönd að samræma til þess að flýta fyrir umskiptum í siglingum?

Norðurlöndum, 29. júní 2023

*Ola Elvestuen (V)*  
*Kjell-Arne Ottosson (KD)*

*Simon Holmström (HI)*